

Svalbarðsstrandarhreppur  
Ráðhúsinu  
601 Akureyri

Reykjavík 15. nóvember 2018  
UST201809-332/A.B.  
10.04.03

**Efni:** Tillaga - Deiliskipulag íbúðarsvæðis í landi Geldingsár í Svalbarðsstrandarhreppi

Vísað er til erindis frá sveitarfélaginu Svalbarðsstrandarhreppi er barst 27. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðarbyggð í landi Geldingsár.

Í greinargerð kemur fram að svæðið nær til um 2 ha spildu úr landi Geldingsár, þar sem spildan er staðsett vestan Geldingsárvegar og norðan Árhólts. Á svæðinu er að hluta til nýtt tún sem er að öðru leyti mólent og klappir. Markmið skipulagsins er að staðsetja sex íbúðarhúsalóðir ásamt byggingarreitum, þar sem heimilt er að reisa eitt einbýlishús á einni eða tveimur hæðum ásamt sambyggðri bílgeymslu.

### Ásýnd og umhverfisáhrif

Umhverfisstofnun tekur undir þau markmið þar sem lögð er áhersla á, að hús á skipulagssvæðinu séu hönnuð þannig að þau falli vel að landslagi svæðisins.


Umhverfisstofnun er ósammála þeirri fullyrðingu sem kemur fram í greinargerð að umhverfisáhrif byggingar íbúðarhúsa séu metin möguleg. Það er mat Umhverfisstofnunar að umhverfisáhrif séu veruleg vegna byggingar íbúðarhúsa á nýju túni, mólendi og klöppum. Umhverfisstofnun vill benda á mikilvægi þess að rask verði sem minnst á svæðinu og landslagsheildir fái að halda sér.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki frekari athugasemdir við hana.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur